



Háskólinn
á Akureyri

**Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindaákvæði
stjórnarskrár og persónufrelsi einstaklinga?**

Jakobína Elva Káradóttir

Lagadeild/Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

2014

**Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindaákvæði
stjórnarskrár og persónufrelsi einstaklinga?**

Jakobína Elva Káradóttir

12 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureorum artium gráðu í lögfræði

Leiðbeinandi
Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 12. maí 2014

Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrár og persónufrelsi einstaklinga?

Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindi?

12 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureorum artium* gráðu í lögfræði

Höfundarréttur © 2014 Jakobína Elva Káradóttir

Öll réttindi áskilin

Lagadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Jakobína Elva Káradóttir, 2014, *Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindarákvæði stjórnarskrár og persónufrelsi einstaklinga?*, B.A. ritgerð, Lagadeild, Háskólinn á Akureyri, 33 bls.

Prentun: Stell Akureyri

Akureyri, 12. maí 2014

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég er ein höfundur þessa verkefnis og að það er afrakstur eigin rannsókna.

Jakobína Elva Káradóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. – prófs við Hug- og félagsvísindasvið.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.

Útdráttur

Frelsið er eitt þeirra persónuverðmæta sem mestu skiptir. Vandasamt getur reynst að skilgreina það heimspekilega sem hugtak og þá ekki síst mörk frelsisins. Til þess að fólk geti almennt notið þess verðmætis sem frelsið er þarf að halda því í vissum skefjum og setja þar að lútandi reglur sem standa um það vörð. Þess háttar reglur er víða að finna í íslenskum lögum. Í ritgerðinni verður leitast við að svara spurningunni, hvort ein slík regla sem takmarkar frelsi einstaklings, þ.e. ákvæði um nauðungarvistun í skilningi lögræðislaganna nr. 71/1997, stangist á við almenn mannréttindaákvæði stjórnarskrár Íslands og mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að.

Ritgerðin er byggð upp á heimildum. Fyrst er greint frá heimildum valdhafans til frelsisskerðingar og hugtök skilgreind. Mannréttindum er gerð ítarleg skil og greint frá þróun lögræðislaganna og efnissviðum þeirra er lúta að nauðungarvistunum, en nauðungarvistanir eru undantekning frá þeirri grundvallarreglu að sjálfráða einstaklingar taka ákvarðanir um eigin málefni. Sagt er frá skilyrðum nauðungarvistunar, hámarkstíma frelsisskerðingar, rétti hins nauðungarvistaða til ráðgjafar og stuðnings og heimildum til að bera lögmati nauðungarvistunar undir dómstóla. Í ritgerðinni er jafnframt fjallað um nauðungarvistun barna þar sem sjálfstæður réttur barna á vissum sviðum tengist persónuvernd sem er hluti af mannréttindalöggjöfni.

Helstu niðurstöðurnar eru þær að í eðli sínu er nauðungarvistun úrræði sem takmarkar sjálfsögð grundvallarréttindi hins nauðungarvistaða en sterk rök eru fyrir því að við vissar aðstæður skuli heimilt að takmarka sjálfstæði/frelsi manns með nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Þar eru fyrst og fremst hafðir í huga heilsufarslegir hagsmunir viðkomandi einstaklings. Nauðungarvistun sem úrræði er vandmeðfarin í ljósi þeirra hagsmuna sem eru í húfi og þeirra réttinda sem stangast á, þ.e. sjálfsákvörðunarréttarins annars vegar og lífi og heilsu hins vegar. Svárið við spurningunni hvort nauðungarvistun brjóti á bága við mannréttindi er því að ef farið eftir þeim skilyrðum sem kveðið er á um í ákvæðum lögræðisлага um nauðungarvistanir þá brýtur nauðungarvistun ekki gegn mannréttindum og persónufrelsi einstaklingsins.

Abstract

Freedom is one of the most important of all personal values. The philosophical concept involved may be even more difficult to define and this applies specifically to the limits of freedom. In order to make it possible for people to enjoy the value of freedom, it must be kept within certain limits and the pertinent rules must be established to protect its integrity. Such rules can be widely found in Icelandic acts of law. This thesis will aim at providing an answer to the question as to whether one of these rules, which restricts the freedom of the individual, i.e. the provision about involuntary placement in the sense of the Act of Law on Majority No. 71/1997, is in conflict with general human rights provisions of the Constitution of Iceland and the human rights conventions to which Iceland is a party.

This thesis is based on legal sources. It begins by discussing the power of the authorities to exercise restrictions on freedom and concepts are defined. Human rights are explained in detail and the development of the Act of Law on Majority and the scope of its application to involuntary placement, which constitutes an exception to the fundamental rule that legally competent individuals make their own decisions about matters pertaining to themselves.

The conditions that apply to involuntary placement, such as the maximum time limit, the right of the person in such placement to consultation and support and the legal right to challenge the legitimacy of involuntary placement in a court of law.

The main conclusions are that involuntary placement is *per se* a solution, which restricts the natural and fundamental rights of the person involuntarily placed, but there are firm reasons that permit the restricting of the independence /freedom of a person by involuntary placement in a hospital. Here, the basic concerns are first and foremost the health considerations of the person concerned. Involuntary placement as a solution requires delicate treatment in view of the interests at stake and the conflicting rights, i.e. the right of self-determination on the one hand and the life and health of the person on the other. The answer as to whether involuntary placement constitutes a violation of human rights is therefore that, provided that all the conditions, stipulated by the provisions of the Act of Law on Majority concerning involuntary placement, are complied with, then involuntary placement does not constitute a violation of human rights and the personal freedom of the individual.

Þakkir

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A. prófs í lögfræði við lagadeild Háskólans á Akureyri. Leiðbeinandi minn var Inga Þöll Þórgnýsdóttir lögfræðingur og kann ég henni bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Sérstakar þakkir færi ég eiginmanni mínum Guðmundi Karli Jónssyni og dóttur minni Friðriku Nínu Guðmundsdóttur fyrir ómælda hvatningu og þolinmæði á meðan á námsferli mínum stóð.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	3
2. Heimildir valdhafans til frelsissviptingar	4
2.1. Lög er heimila frelsisskerðingu.....	4
3. Skilgreining hugtaka	5
3.1. Persónuréttur.....	5
3.1.1. Rétt hæfi og gerhæfi	5
3.1.2. Rétt hæfi.....	5
3.1.3. Gerhæfi.....	6
3.2. Lögræði; sjálfræði og fjárræði.....	6
3.3. Hugtakið barn, lögráðamaður og forsjáraðili	7
3.4. Nauðungarvistun.....	7
3.5. Skilgreiningar á geðsjúkdómum	8
4. Mannréttindi	9
4.1. Saga mannréttindaákvæða	9
4.2. Mannréttindi og íslensk stjórnskipan	10
4.2.1. Jákvæð og neikvæð mannréttindi	10
4.3. Vernd mannréttinda í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands	11
4.4. Úrræði vegna ólögætrar frelsisskerðingar	13
4.5. Tengsl mannréttindareglna og þjóðarréttar	13
4.6. Alþjóðlegir mannréttindasamningar og áhrif þeirra á Íslandi	14
4.6.1. Mannréttindasáttmáli Evrópu.....	14
4.6.2. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna	15
4.7. Meðalhófsreglan	15
5. Þróun lögræðislaganna	17
5.1. Efnissvið lögræðislaganna	18
5.2. Nauðungarvistun.....	19
5.2.1. Undantekningar frá persónufrelsinu.....	19
5.3. Nauðungarvistun – skerðing á sjálfræði!	19
5.4. Nauðungarvistun –tvíþætt ferli.....	20
5.4.1 Sjálfræðissvipting	21

5.5. Réttur til ráðgjafar og stuðnings	22
5.7. Heimild til að bera nauðungarvistun undir dómstóla	24
5.8. Nauðungarvistun barna.....	25
5.8.1. Ástæður fyrir nauðungarvistun barns	26
6. Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindaákvæði og persónufrelsi einstaklinga?	29
7. Lokaorð.....	31
Heimildaskrá:.....	32

1. Inngangur

Frelsið er eitt þeirra persónuverðmæta sem mestu skiptir. Fólk er reiðubúið að fórna lífinu fyrir frelsið sem vissulega er nokkur mótsögn í sjálfu sér. En svo flókið sem frelsið er sem tilfinning eða upplifun þá er ekki síður vandasamt að skilgreina það heimspekilega sem hugtak og þá ekki síst mörk frelsisins. Taki einn sér frelsi án takmarkana er ekki einasta hætt við að hann gangi á og skerði frelsi annarra heldur einnig að hann með því, spilli eigin forsendum til frelsisins. Til þess að fólk geti almennt notið þess verðmætis sem frelsið er þarf að halda því í vissum skefjum og setja þar að lútandi reglur sem standa um það vörð. Þess háttar reglur er víða að finna í íslenskum lögum. Þær eru viðfangsefni eftirfarandi ritgerðar, nánar tiltekið verður leitast við að svara þeirri spurningu, hvort ein slík regla sem takmarkar frelsi einstaklings, þ.e. ákvæði um nauðungarvistun í skilningi lögræðislaganna nr. 71/1997, stangist á við almenn mannréttindaákvæði stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og mannréttindasáttmála sem Ísland hefur gerst aðili að.

Efnistöfum ritgerðarinnar er skipt í ex kafla. Fyrsti kafli hefur að geyma þennan inngang. Í öðrum kafla verður greint frá heimildum valdhafans til frelsissviptingar, í þriðja kafla verða ýmis hugtök skilgreind til skilningsauka s.s. grundvallarhugtök persónuréttar, hugtakið nauðungarvistun og hugtakið geðsjúkdómur. Í fjórða kafla verður gerð ítarleg grein fyrir hugtakinu mannréttindi, sögu þeirra og sagt frá hvar ákvæði um mannréttindi er helst að finna. Í kafla fimm verður farið yfir þróun lögræðislaganna frá tímum Grágásar og fram til dagsins í dag. Þá verður efnissviðum núgildandi lögræðilaga er lúta að nauðungarvistun gerð ítarleg skil; m.a. verður fjallað um þá aðila sem beðist geta nauðungarvistunar, um hámarkstíma frelsisskerðingar, rétt hins nauðungarvistaða til ráðgjafar og stuðnings, um þvingaða lyfjagjöf og heimildir til að bera nauðungarvistun undir dómstóla. Í lok kaflans verður fjallað um nauðungarvistanir barna. Í sjötta kaflanum mun ég leitast við að svara spurningunni hvort núgildandi lagaákvæði um nauðungarvistun brjóti í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og persónufrelsi einstaklinga.

2. Heimildir valdhafans til frelsissviptingar

Það er grundvallaregla íslenskra laga að frjálssræði manna verði ekki skert nema að heimild sé til þess í lögum. Reglan kemur skýrt fram í 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en þar segir:

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Skorti lagaheimild fyrir frelsissviptingu telst ótvírætt brotið gegn framangreindu stjórnarskrárákvæði. Þess er ekki getið í 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar hversu langt heimild löggjafans nær til að setja reglur um frelsissviptingu en vegna alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga hefur löggjafinn ekki frjálssar hendur í þeim efnum. Af því leiðir að skýra verður ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar út frá 5. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu¹ varðandi þau atvik sem réttlæta frelsissviptingu og talin eru upp í liðum a-f í 1. mgr. 5. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Öll þau tilvik þar sem frelsissvipting er heimil samkvæmt íslenskum lögum verður að vera hægt að heimfæra undir þær aðstæður sem taldar eru upp í liðum a-f. Annars er litið svo á að brotið sé gegn 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún verður skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 5. gr. Mannréttinasáttmálans.²

2.1. Lög er heimila frelsisskerðingu

Þau lög sem heimila frelsisskerðingu eru m.a. lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála og varða frelsissviptingu í tengslum við rannsókn opinbers máls, reglur um afplánun refsidóma og reglur þar sem frelsissvipting er heimiluð með tilliti til heilsufars eða velferðar þess sem þarf að þola hana, samanber lögræðislög nr. 71/1997 og sóttvarnalög nr. 19/1997. Einnig eru heimildir til frelsissviptingar til að fylgja valdboði ríkisins, svo sem vegna vitnaskyldu í dómsmáli, samanber lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eða skyldu gerðarþola til að mæta við aðför, samanber lög nr. 90/1989, um aðför.³ Þá er heimild til gæslu ósjálfráða einstaklings samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ekki verður hægt að gera öllum þessum þáttum frelsissviptingar skil heldur verður einungis fjallað um þá tegund frelsissviptingar sem heimiluð er með tilliti til heilsufars og velferðar og lýtur að nauðungarvistun.

¹ Um Mannréttinasáttmála Evrópu verður fjallað ítarlegar síðar í ritgerðinni

² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Reykjavík 2008, bls. 135-136

³ *Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi*. Reykjavík 2011, bls. 174

3. Skilgreining hugtaka

Til þess að unnt sé að fást við áður nefnda spurningu á lögfræðilegan hátt er nauðsynlegt að skilgreina þau helstu hugtök sem koma við sögu: persónurétt, rétt hæfi, gerhæfi, lögræði, sjálfræði, fjárræði, barn, lögráðamaður og forsjáaraðili. Jafnframt verða hugtökin nauðungarvistun og geðsjúkdómur skilgreind.

3.1. Persónuréttur

Lögfræðin skiptir réttarreglum í kerfi og flokkar þær eftir hlutverki þeirra og tengslum. Þau réttindi eru tekin saman og skýrð í samhengi sem lúta sömu eða svipuðum meginreglum. Réttarkerfinu er gjarnan skipt upp í tvo meginflokka, annars vegar allsherjarrétt og hins vegar einstaklingsrétt. Þá er einstaklingsrétti skipt í persónurétt og fjármálarétt. Í bókinni *Persónuréttur* eftir Þórð Eyjólfsson segir að persónuleg séu þau réttindi sem eru svo nátengd andlegu eða líkamlegu lífi, að þau verða ekki frá því greind. Undir það fellur réttur manna á líkama sínum og lífi, frelsi, æru, tilfinningalífi og einkalífi. Til fjármálaréttinda telst réttur yfir eða til fé mæta, þ.e. gæða sem hafa fjárgildi, hægt er að greina þau frá eiganda sínum og þau geta farið á milli manna.⁴ Í *Lögfræðiorðabók* Lagastofnunar Háskóla Íslands er hugtakið persónuréttur skilgreindur sem fræðigreinin innan lögfræðinnar sem fjallar um persónuleg réttindi manna og lögvernd þeirra.⁵

3.1.1. Rétt hæfi og gerhæfi

Segja má að hugtökin rétt hæfi og gerhæfi séu kjarninn í hinum „almenna hluta“ persónuréttarins en með því er átt við grundvallarreglur um persónuvernd eins og þær koma fram í fræðigreininni persónurétti, þ.e. lögvernd þeirra hagsmuna sem eru tengdir persónu manna s.s. frelsi þeirra, persónuleika, lífi og limum.⁶

3.1.2. Rétt hæfi

Í íslensku réttarfari er það grundvallarregla að allir menn geti verið réttaraðilar, þeir geta átt rétt og borið skyldur samkvæmt lögum og m.a. átt aðild að dómsmálum til sóknar eða varnar. Allir eiga að standa jafnir gagnvart lögum og eiga rétt á vernd frá samfélaginu og að nýta sér stofnanir réttarkerfisins. Jafnframt hvílir sú skylda á öllum að lúta gildandi reglum samfélagsins. Þetta felst í hugtakinu réttaraðili en hæfið til að vera réttaraðili,

⁴ Þórður Eyjólfsson: *Persónuréttur*. Reykjavík 1967, bls. 5

⁵ Páll Sigurðsson, ritstj: *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008, bls. 325

⁶ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. Reykjavík 2010, bls. 19

þ.e.a.s. að eiga rétt og bera skyldur kallast rétt hæfi.⁷ Lifandi menn geta einungis notið rétt hæfi í eiginlegum skilningi, þ.e. notið réttaraðildar. Fóstur í móðurkviði nýtur tiltekins rétt hæfis og líf þess er verndað að vissu marki.⁸ Rétt hæfinu halda menn til æviloka.⁹

3.1.3. Gerhæfi

Hugtakið gerhæfi merkir hæfi manna til að ráða sér og réttindum sínum sjálfir og takast á herðar skuldbindingar á eigin spýtur svo að gilt sé að lögum. Gerhæfi felur í sér hæfi til að fara með raunveruleg yfirráð réttinda og hæfi til að stofna rétt sér til handa og skapa sér skyldur með sjálf síns gerðum eða aðgerðaleyfi í lögskiptum við aðra réttaraðila.¹⁰ Aldur eða andlegir annmarkar geta valdið því að menn skorti hæfi til að meta eðli og afleiðingar gerða sinna og þurfa jafnvel á ákveðinni vernd að halda frá þjóðfélaginu, s.s. vegna hugsanlegrar hættu á einhvers konar misnotkun af hálfu annarra einstaklinga. Löggjafinn hefur sett ýmsar reglur sem takmarka að einhverju leyti hæfi þessara aðila til að ráða sér og réttindum sínum svo gilt sé að lögum. Þeir aðilar eru taldir hafa gerhæfi sem hafa nægilegan þroska eða nægt andlegt heilbrigði til að þeir hafi skilning á því hvaða réttaráhrif gerðir þeirra hafa. Skilyrði gerhæfis eru þó breytileg eftir því hvaða gerðir er um að ræða. Getur einstaklingur því haft gerhæfi á sumum sviðum réttarins þó að hann skorti gerhæfi á öðrum sviðum.¹¹

3.2. Lögræði; sjálfræði og fjárræði

Lögræði er sú tegund gerhæfis sem miklu máli skiptir í daglegu lífi einstaklinga. Lögræði er samheiti yfir tvær mismunandi greinar gerhæfis, þ.e. sjálfræði og fjárræði. Eins og segir í 1. mgr. 1. gr. laga um lögræði nr. 71/1997 (hér eftir skammstafað lögrl.) verða menn lögráða 18 ára og lögráða maður er sjálfráða og fjárráða. Eina undantekningin frá þessu er ef ólögráða maður stofnar til hjúskapar en þá er hann lögráða upp frá því. Í 2. mgr. 1. gr. lögrl. segir að sjálfráða maður ráði einn öðru en fé sínu, nema að lög mæli á annan veg. Í lögfræðiorðabók Lagastofnunar Háskóla Íslands segir að sjálfræði sé það að ráða högum sínum og dvalarstað sjálfur, nema að lög mæli sérstaklega á annan veg.¹² Í 3. mgr. 1. gr. lögrl. segir, um fjárræði, að fjárráða maður ráði einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

⁷Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 31

⁸Ibid, bls. 32

⁹Ibid, bls. 34

¹⁰Páll Sigurðsson, ritstj: *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 166

¹¹Þórður Eyjólfsson: *Persónuréttur*, bls. 38

¹²Páll Sigurðsson, ritstj: *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 384

Sjálfræði merkir hæfi til að ráða persónulegum högum og málum sjálfur en fjárræðið merkir hæfi til að ráðstafa persónulegum fjármálum upp á eigin spýtur. Sá er ekki nýtur sjálfræðis eða fjárræðis er ósjálfráða eða ófjárráða.¹³

3.3. Hugtakið barn, lögráðamaður og forsjáraðili

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er hugtakið barn skilgreint sem einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað.¹⁴ Lögbornir lögráðamenn kallast þeir sem annast forsjá barns. Þeir ráða öllum persónulegum högum barnsins innan lögmætra marka. Oftast er hér um að ræða foreldra barnsins eða að öðrum kosti þá, sem koma barni í foreldrastað.¹⁵ Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana að ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 og barnalaga nr. 76/2003.

3.4. Nauðungarvistun

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. lögrl. tekur hugtakið nauðungarvistun bæði yfir það þegar sjálfráða maður er færður nauðugur á sjúkrahús og er haldið þar og þegar maður sem dvalið hefur á sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja er haldið þar nauðugum. Hið fyrrnefnda má kalla nauðungarinnlögn og hið síðarnefnda nauðungarhald. Rétt er að áréttta að nákvæmlega sömu skilyrði eru fyrir nauðungarinnlögn og nauðungarhaldi; í báðum tilvikum er um að ræða nauðungarvistun samkvæmt ákvæðum III. kafla lögrl. Læknir getur ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur á sjúkrahús ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. lögrl. má frelsisskerðing ekki standa lengur en 48 stundir nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytis. Með samþykki dómsmálaráðuneytis má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum til meðferðar á sjúkrahúsi í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins ef nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis, samanber 3. mgr. 19. gr. lögrl.

¹³ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 83

¹⁴ Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) 1. gr. Sótt af vefsíðu 18. 04. 2014 af: <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>.

¹⁵ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 87

3.5. Skilgreiningar á geðsjúkdómum

Hugtakið geðsjúkdómur hefur verið skilgreint sem samheiti yfir marga mismunandi sjúkdóma eða raskanir sem fela í sér sjúklegar breytingar á hugarstarfsemi, háttarni og sjálfsstjórn. Alvarlegur geðsjúkdómur er samheiti yfir geðraskanir sem einkennast af verulegum hugsanatrufnunum og dómgreindarbresti. Sem dæmi um alvarlega geðsjúkdóma má nefna geðklofa (schizophrenia), aðsóknargeðrof (paranoid psychosis), geðlægð (depressio) með geðrofseinkennum, geðhæð (mania) með geðrofseinkennum og óráð (delirium) vegna fráhrarfs geðvirkra efna, sýkinga, heilaskaða og ýmissa líkamlegra sjúkdóma. Hugarraskanir og streitutengdar raskanir s.s. kvíði, fælmi og þráhyggja svo og persónuleikaraskanir og þroskahefning falla fyrir utan hugtakið geðsjúkdómur en fyrir getur komið að sá sem er haldinn slíkum röskunum sýni einnig sjúkdómseinkenni sem bent gætu til alvarlegs geðsjúkdóms. Þá má vista hann gegn vilja sínum á sjúkrahúsi til rannsóknar og meðferðar ef lækni telur það óhjákvæmilegt. Ef verulegar líkur eru taldar á að einstaklingur sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi er byggt á því að oftast en ekki þegar um bráðageðveiki er að ræða er mjög erfitt að koma við nákvæmri greiningu á ástandi einstaklings áður en honum verður komið í sjúkrahús til þess að við megi koma nauðsynlegri rannsókn og veita honum þá meðferð sem nauðsynleg er samkvæmt mati læknis.

Þegar talað er um að heimilt sé að nauðungarvista mann ef ástand hans er með þeim hætti að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms, er átt við alvarlegt sjúklegt ástand einstaklings sem fellur ekki undir hugtakið geðsjúkdómur. Sem dæmi má nefna meiri háttar geðshræringu, sjúkleg viðbrögð við neyslu áfengis eða lyfja sem ekki tengist áfengissýki, viðbrögð í kjölfar alvarlegs flogaveikikasts og lystarstol (anorexia nervosa) á lífshættulegu stigi. Þess konar ástand ber vott um andlegan sjúkleika sem í hefðbundnum skilningi fellur ekki undir hugtakið alvarlegur geðsjúkdómur. Nauðsyn þess að nauðungarvista einstakling í þess konar ástandi getur verið rík og nauðsynleg til verndar lífi hans eða heilsu og er því talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í lögræðislögum að það sé heimilt.¹⁶

¹⁶ Alþt. 1996-1997, A-deild, þskj. 707 – 410. mál

4. Mannréttindi

Í flestum lýðræðisríkjum eru mannréttindaákvæði stjórnarskrábundin sem mikilvægustu réttindi borgaranna. Þau eru æðstu reglur um réttindi þeirra sem ekki er heimilt að skerða nema að uppfylltum ströngustu skilyrðum. Kröfuna um að einstaklingur skuli njóta ákveðinna lágmarksmannréttinda má rekja aftur til forngrískra hugmynda um náttúrulegt. Náttúrulegtarkenningar hvíla fyrst og fremst á þeirri forsendu að hverjum einstaklingi beri í sjálfu sér ákveðin grundvallarréttindi, óháð lögum; þau eru ekki veitt honum með neinum lögum og þau verði hvorki af honum tekin með lögum né öðrum hætti.¹⁷

4.1. Saga mannréttindaákvæða

Náttúrulegtarkenningar höfðu mikil áhrif á setningu stjórnarskrárákvæða um mannréttindi. Blómaskeið þeirra var á 17. og 18. öld og þær komu m.a. fram í skrifum stjórnsmálaheimspekingins John Locke á síðari hluta 17. aldar. Kenningarnar um uppsprettu ríkisvaldsins byggðust síðan á þeim kenningum. Hér er átt við að allt vald handhafa ríkisvaldsins sé sprottið frá borgurunum og hlutverk ríkis sé fyrst og fremst að varðveita líf þeirra og frelsi. Þess vegna samþykki menn að selja sig undir ríkisvald og veiti valdhöfum heimildir til að setja lög sem ganga jafnt yfir alla. Jafnframt er valdhafanum treyst til þess að lögin og framkvæmd þeirra fari ekki í bága við náttúruleg réttindi borgaranna. Hugmyndir um mannréttindi eru því nátengdar kenningum um uppsprettu ríkisvaldsins og renndu stöðum undir kröfurnar um afnám einveldisstjórna og lýðræðislega stjórnunarhætti.

Samhliða kenningum náttúrulegtarins höfðu stjórnspekingar upplýsingastefnunnar á 18. öld, þar á meðal Rousseau og Montesquieu, áhrif á mótun lýðræðishugtaksins. Montesquieu setti fram í riti sínu „*De l'Esprit des Lois*“ frá 1748 kenningu um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti; löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald, sem byggðist á þeim rökum að hætta væri á ofríki og kúgun ef allt ríkisvald væri á einni hendi. Með því að skipta ríkisvaldinu milli þriggja sjálfstæðra valdhafa væri hægt að draga úr hættunni að brotið yrði gegn réttindum borgaranna með ofríki og geðþótta.

Er kom fram á 19. öld mótuðust kenningar svo um réttaröryggi borgaranna eða réttarríkið. Hugtakið réttarríki byggist á því sjónarmiði að allt ríkisvald sé bundið með lögum og afskipti af réttindum borgaranna séu byggð á skýrum lagaheimildum. Lögmatísreglan hvílir á þessum grunni og skilyrðið um að mögulegt sé að leita úrlausnar sjálfstæðra og

¹⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, bls. 448-449

óháðra dómstóla telji menn ríkið ganga of langt í takmörkunum á mannréttindum. Dómstólarnir eru því einungis bundnir af lögum en ekki skipunum frá framkvæmdavaldinu.¹⁸

4.2. Mannréttindi og íslensk stjórnskipan

Mannréttindi eru ein af grunnstoðum stjórnskipulagsins og þau eru fest í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Mannréttindi birtast í búningi almennra yfirlýsinga sem eiga að tryggja að hver einstaklingur fái notið þeirra. Þau eru óháð landamærum, þjóðerni og kyni.¹⁹

Stjórnskipun ríkis nær yfir þær grundvallarreglur sem gilda um æðstu stjórn og skipulag ríkisins, uppsprettu ríkisvalds, verkefni handhafa þess og valdmörk þeirra. Grundvallarþáttur íslenskrar stjórnskipunar er að mannréttindum borgaranna er veitt sérstök stjórnarskrárbundin vernd. Reglur um mannréttindi eru ásamt öðrum grundvallarreglum um stjórnskipun ríkisins réttþærri öllum öðrum réttarheimildum og erfiðara er að breyta þeim en almennum lagareglum. Það er viðfangsefni stjórnskipunarréttarins að skýra inntak þessara reglna, hvaða hömlur þær setja ríkisvaldinu gagnvart einstaklingum og jafnframt hvaða skyldur hvíla á ríkinu til að tryggja þessi réttindi.²⁰

4.2.1. Jákvæð og neikvæð mannréttindi

Í stjórnarskrám flestra vestrænna ríkja eru ákvæði sem mæla fyrir um stöðu borgaranna og þá einkum gagnvart ríkinu, sem er sú eina stofnun þjóðfélagsins sem hefur viðurkennda heimild til valdbeitingar. Í VI. og VII. kafla stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er að finna ákvæði helguð mannréttindum. Upprunalegur tilgangur mannréttindaákvæða í stjórnarskrá var að tryggja borgurunum frelsi og vernda þá fyrir ágangi valdhafanna. Þessi réttindi má flokka undir svokölluð frelsisréttindi og þau eru að meginstefnu neikvæð réttindi, þ.e. þau tiltaka það sem ekki má.

Undanfarna áratugi hafa mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar breyst og miðast þau nú ekki jafn afdráttarlaust við þann tilgang einan að takmarka ágang ríkisins og skilgreina valdmörk þess. Mannréttindaákvæði leggja nú í auknum mæli skyldur á ríkið til að tryggja tiltekin réttindi með sérstökum ráðstöfunum og að auka lífsgæði borgaranna.

¹⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Reykjavík 2008, bls. 22-24

¹⁹ *Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi*, bls. 13

²⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 21.

Þessi réttindi eru kölluð jákvæð réttindi. Þau ná ekki einungis yfir samskipti ríkis og borgara heldur hafa þau líka áhrif á lögskipti einstaklinga innbyrðis og milli ýmissa aðila á vettvangi einkaréttarins.²¹

4.3. Vernd mannréttinda í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Ákvæði um mannréttindi eru einkum tilgreind í VII. kafla stjórnarskrárinnar en þó koma fyrir ákvæði um mannréttindi í öðrum köflum hennar s.s. í 62.–64. gr. í VI. kafla um skipan íslensku þjóðkirkjunnar. Ekki er ástæða til að fjalla um ákvæðin í IV. kafla hér heldur verður megináherslan á umfjöllun um þau ákvæði í stjórnarskránni er lúta að persónufrelsi einstaklinga og helst varða nauðungarvistun.

Það eru ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar og tvær síðustu málsgreinarnar í 66. gr. stjórnarskrárinnar sem fjalla um mismunandi þætti persónufrelsis og teljast til rótgrónustu og mikilvægustu mannréttindareglanna.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir:

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmat skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

Í 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir:

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmati handtöku.

Í 4. mgr. 66. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir:

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

Við heildarendurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995 voru gerðar breytingar á persónufrelsisákvæðinu. Þar var sérstaklega horft til 5. gr. Mannréttinda-

²¹ Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi, bls. 13

sáttmála Evrópu: „Rétt til frelsis og mannhelgi“ og 9. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi: „Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.“

Þetta þýðir að framkvæmdarvaldshafanum er ekki heimilt að skerða frelsi einstaklinga nema að hafa til þess heimild í almennum lögum eins og komið hefur fram í kafla 2 hér að framan. Ákvæðið hefur verið túlkað á þann hátt að sú lagaheimild sem liggur til grundvallar frelisskerðingunni þurfi jafnframt að vera skýr og ótvíræð.²² Ákvæði í 67. gr. á við um aðstæður þar sem einstaklingar eru sviptir frelsi. Undir hana geta fallið álitaefni um hvenær stjórnvöldum er heimilt að svipta menn frelsi við aðrar aðstæður en handtöku lögreglu við rannsókn sakamáls. Oftast myndast ágreiningur um lögmæti handtöku, skilyrði gæsluvarðhaldsvistar og bótarétt sakborninga vegna þvingunaraðgerða lögreglu við rannsókn sakamála. Þó eru dæmi um frelissviptingu á grundvelli fleiri lagaheimilda, t.d. nauðungarvistun á sjúkrahús og uppeldisstofnun.²³

Í 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar eru reglur er varða það þegar maður er sviptur frelsi sínu af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsivert brot. Hér er t.d. um að ræða tilvik þegar einstaklingur hefur verið sviptur frelsi á grundvelli ákvæða í lögræðislögum sem fjallað verður um hér á eftir. Í þannig tilvikum er ekki skylt að leiða einstaklinginn fyrir dómara ef einstaklingurinn er ekki látinn laus í kjölfar frelisskerðingar eins og krafist er með fortakalausum hætti í 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Einungis er kveðið á um heimild viðkomandi til þess að bera lögmæti frelissviptingar undir dómstóla óski hann þess. Ef litið er til lögskýringargagna má sjá að ástæðan fyrir þessum mun er sú að í þeim tilfellum sem falla undir 4. mgr. 67. gr. er oftast um að ræða frelissviptingu á grundvelli stjórnvaldsákvörðunar en um slíkar ákvarðanir gilda stjórnvöldslög nr. 37/1993. Aðgengi að dómara í þeim tilfellum þjónar því einkum tilgangi málskots til endurskoðunar á stjórnvaldsákvörðun. Það er tekið fram að í ljósi orðalagsins, „svo fljótt sem verða má“, megi ætla að kröfur yrðu að öðru jöfnu gerðar til þess að ekki yrði farið í þeim efnum fram úr viðmiðunarmörkum 3. mgr. 67. gr. nema að fullgildar ástæður réttlættu það.²⁴

Í áliti *Umboðsmanns Alþingis (hér á eftir UA) frá 11. janúar 1996 í máli nr. 1265/1994* reyndi á rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla. Málavextir voru þeir að A kvartaði yfir nauðungarvistun á spítala þann 30. október 1994. Um var að ræða nauðungarvistun sem mátti að hámarki standa í tvo sólarhringa samkvæmt 2. mgr. 13. gr. þágildandi lögræðislaga, nr. 68/1984.

²²Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi, bls. 173-174

²³Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 130

²⁴Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi, bls. 176

UA takmarkaði umfjöllun sína við það hvort A hefði rétt á að bera ákvörðunina um nauðungarvistun undir dómstóla, en í lögræðislögum var ekki mælt fyrir um slíkan rétt. Er málsatvikin urðu hafði Mannréttindasáttmáli Evrópu öðlast lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Í álitinu er rakið ákvæði 5. gr. Mannréttindasáttmálans og það, að ákvæði 4. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmálans, um rétt til að fá úr því skorið hvort frelsissvipting hafi verið lögleg, sé ekki talið eiga við ef frelsissvipting stendur svo stutt að óraunhæft sé að fá skorið úr um lögmæti hennar fyrir dómi. Niðurstaðan var sú að um of stuttan tíma hafi verið að ræða til að 4. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmálans hefði tekið til vistunar. Þá tók umboðsmaður fram að A hefði getað borið lögmæti ákvörðunar undir dómstóla samkvæmt 60. gr. þágildandi stjórnarskrár, þótt slíks málskots væri ekki getið í lögræðislögum, og hefðu lög því ekki verið brotin á A.

4.4. Úrræði vegna ólögmætrar frelisskerðingar

Í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að hafi einstaklingur verið sviptur frelsi að ósekju þá geti hann átt rétt til skaðabóta og skiptir þá ekki máli á hvaða grundvelli frelissviptingin hefur byggst. Reglan hefur lengi gilt í íslenskum rétti enda þótt hún hafi ekki verið bundin í stjórnaskrá fyrr en 1995. Í lögskýringargögnum kemur fram að leggja verði þann skilning í 5. mgr. 67. gr. að þar sé verið að vísa til þess að einstaklingur hafi verið sviptur frelsinu saklaus eða að ástæðulausu. Bótaréttur getur þó fallið niður ef maður telst sjálfur hafa átt sök á því að gripið hafi verið til frelissviptingar eða hún hafi orðið svo löng sem raun ber vitni. Í fræðiritum hefur sú ályktun verið dregin af dómum Hæstaréttar að hafi eftirfarandi skilyrðum ekki verið framfylgt skapist bótaréttur gagnvart þeim er sviptur var frelsinu. Í fyrsta lagi þarf að liggja fyrir lagaheimild til frelissviptingarinnar, í öðru lagi þurfi lagaheimildin að falla undir eitthvert þeirra atvika sem talin eru í 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og í þriðja lagi þarf að meta hvort skilyrði til að beita viðkomandi lagaheimild hafi verið uppfyllt.²⁵

4.5. Tengsl mannréttindareglna og þjóðarréttar

Mannréttindareglur eru umfangsmikið viðfangsefni þjóðarréttarins og fer hann stöðugt vaxandi þar sem að þjóðarréttur hefur víðtæk áhrif á landsrétt ríkja heims, bæði hvað varðar stjórnslög og almenna löggjöf. Löggjafinn hefur þá skyldu að haga lagasetningu

²⁵ Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II. bindi, bls. 176

ávallt innan þeirra marka sem stjórnarskráin setur honum. Þá hafa mannréttindaákvæði mikil áhrif á lagasetningu á flestum sviðum réttarins, þ.e. í opinberum rétti, refsirétti, réttarfari, stjórnsýslurétti og í einkamálarétti s.s. í sífja- og persónurétti.²⁶

Í kaflanum hér á eftir mun verða gerð grein fyrir helstu alþjóðlegu mannréttindasamningunum sem Ísland er aðili að en samningarnir varpa ljósi á þau réttindi sem vernduð eru í þeim og segja til um þau úrræði sem einstaklingar geta gripið til telji þeir brotið á réttindum sínum.

4.6. Alþjóðlegir mannréttindasamningar og áhrif þeirra á Íslandi

Íslenska ríkið er aðili að alþjóðasamþykktum um mannréttindi sem gerðar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og annarra alþjóðastofnana eftir miðja síðustu öld. Áhrif alþjóðlegra mannréttindasamninga á íslenskan rétt hafa vaxið hröðum skrefum og gætir þeirra bæði í lagasetningu og dómaframkvæmd.

4.6.1. Mannréttindasáttmáli Evrópu

Mannréttindasáttmáli Evrópu er elstur þessara samninga og án efa sá mikilvægasti fyrir íslenskan rétt. Samningurinn var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins 4. nóvember 1950. Ísland var í hópi fyrstu aðildarríkja Evrópuráðsins þar sem samningurinn gekk í gildi. Er Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994 var stigið stórt skref í þá átt að viðurkenna mikilvægi hans og þeirra réttinda sem hann stendur vörð um. Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu og annarra alþjóðlegra mannréttindasamninga jukust enn frekar við breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, enda var það eitt af meginmarkmiðunum með breytingunum að tengja efni og framsetningu stjórnarskrárákvæðanna við helstu alþjóðlegu mannréttindasamninga sem Ísland var aðili að.

Á þessu má sjá að alþjóðasamningar gegna veigamiklu hlutverki við skýringu og uppfyllingu mannréttindaákvæða íslensku stjórnar-skrárinnar.²⁷

²⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 21-22

²⁷ Björg Thorarensen: *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*. Reykjavík 2005, bls. 5

4.6.2. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Þegar kynntir eru til sögunnar þeir alþjóðlegu mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að ber einnig að nefna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Mannréttindayfirlýsingin lagði grunninn að alþjóðlegri samningagerð um mannréttindi. Mannréttindayfirlýsingin er ekki bindandi að þjóðarétti sem alþjóðlegur samningur. Hún er samt sem áður talin geyma grundvallarreglur um mannréttindi sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar.²⁸

4.7. Meðalhófsreglan

Meðalhófsreglan er lögfest í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í greininni segir að:

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Þá er í gildi ólögfesta meginreglan um meðalhóf.

Í 1. mgr. 6. gr. stjórnarskrárinnar er þess ekki getið að beita skuli meðalhófsreglu þegar stjórnvald beitir lagaheimildum um frelsissviptingu. Þó verður að ætla með vísan til meginreglunnar, að gæta verði þess að áður en einstaklingur er sviptur frelsi hafi önnur úrræði verið fullreynd ef þau hafa komið til álita, sérstaklega í ljósi þess að frelsissvipting telst til þungbærustu takmarkana á mannréttindum. Frelsissvipting má heldur ekki standa lengur en nauðsyn krefst. Reynt getur á úrlausn um hvort meðalhófs hafi verið gætt gagnvart einstaklingum vegna meðferðar er þeir þurfa að sæta á meðan á frelsissviptingu stendur. Í því sambandi má benda á *dóm Hæstaréttar frá árinu 2006, bls. 823, (mál nr. 98/2006)* en þar var fallist á að þvinguð lyfjagjöf teldist þáttur í nauðungarvistun manns á grundvelli lögræðis laga. Hins vegar var bent á að yfirlækni bæri við ákvarðanatöku vegna slíkrar meðferðar að gæta meðalhófs og grípa ekki til slíkra úrræða nema brýn nauðsyn krefði.²⁹

Í 1. mgr. 12. gr. lögrl. er mikilvæg leiðbeining um ákvæðið sem segir að svipting lögræðis skuli ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni og í 2. mgr. sömu greinar segir að áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá því að mál var tekið til úrskurðar kveði dómari upp úrskurð í því.

²⁸ Ibid, bls. 6

²⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 141-142

5. Þróun lögræðislaganna

Reglur um vissa meginréttarþætti sem lögræðislögin ná yfir hafa verið til allt frá tímum Grágásar á Þjóðveldisöld, sem er eitt merkasta lagasafn germanskra þjóða³⁰, Járnsíðu sem lögtekin var 1271-1273 og Jónsbókar er lögtekin var árið 1281. Við lögfestingu Jónsbókar varð töluverð breyting á réttarskipun landsins og var hún meginundirstaða íslensks réttar fram á 17. öld.³¹ Samkvæmt Grágás var fjárræðisaldur að jafnaði 16 ár fyrir karlmenn en 20 ár fyrir konur. Í lögbókinni Járnsíðu var gert ráð fyrir að menn öðluðust fullt lögræði 15 ára.

Í ákvæðum Jónsbókar frá 1281, sem giltu til 1831, var miðað við að menn réðu persónuhögum sínum 16 ára og fjármálum 20 ára. Hvað varðaði fjárræðið var þar miðað við að annað hvort væru menn að öllu leyti fjárráða eða með öllu ófjárráða. Með tilskipun frá 1831 var 17. kafli 3. bókar Dönsku laga lögleiddur hér á landi en hann fjallaði um lögræði. Þá komu til sögu nýjar reglur um svokallaðan hálfmyndugleika um fjármál, sem kalla mætti á nútímavísu hálfraði. Þá urðu menn hálfmyndugir 18 ára en fullmyndugir 25 ára.³²

Með lögum nr. 60/1917 var fyrsti íslenski lagabálkurinn um lögræði lögfestur. Lögin þóttu réttarbót en ýmsu var þó ábótavant. Settar voru fram tvær meginbreytingar á lögræðislöggjöf á Íslandi með lögnum. Í fyrsta lagi var þar gert ráð fyrir lökkun fullræðisaldurs um fjármál (fjárræðisaldurs) úr 25 árum í 21 ár þar sem byggt var á því að fjárræðisaldurinn væri fullhár og í öðru lagi afnámi hálfraðis. Einnig voru tekin upp nýyrðin lögræði, sjálfræði og fjárræði. Þá voru mál til sviptingar lögræðis lögð til dómstóla, en höfðu áður verið í höndum ráðherra.

Eins og áður sagði þótti ýmsu ábótavant í lögnum frá árinu 1917. Það var þó ekki fyrr en árið 1947 að ný lögræðislög tóku gildi með lögum nr. 95/1947. Lögin áttu að miða að úrbótum á ýmsum sviðum s.s. um nákvæmari skilyrði fyrir sviptingu lögræðis. M.a. var sett sérstök heimild til að svipta mann lögræði, ef talin var nauðsyn á að vista hann á sjúkrahúsi, án samþykkis hans eða á heilsuhæli vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni. Ákvæði af þessu tagi þekktust þó í íslenskum rétti fyrir, án þess að sérstök ákvæði væri að finna til tryggingar réttarstöðu vistaðra manna.

³⁰Sigurður Líndal: *Réttarsögupættir*. Reykjavík 2009, bls. 113

³¹Ibid, bls. 122

³²Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 84

Í því sambandi má nefna lög nr. 57/1909, sbr. lög nr. 3/1898 um aðgreiningu holdsveikra manna frá öðrum mönnum, lög nr. 91/1932 um varnir gegn kynsjúkdómum, og berklavarnalög, nr. 66/1939. Í lögunum frá 1947 var að finna nánari fyrirmæli um framkvæmd nauðungarvistunar. Þar kom fram að auk sjálfræðissviptingar þyrfti fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins til þess að maður, eldri en 16 ára, yrði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja, eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni. Í lögunum var jafnframt tekið fram að dvöl á sjúkrahúsi eða hæli mætti ekki haldast lengur en þörf krefði.

Árið 1984 voru ný lögræðislög samþykkt sem lög nr. 68/1984. Helstu nýmæli laganna komu fram í kaflanum um nauðungarvistanir og lögráðendur, reglum um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar sem og réttarstöðu þess sem sætir slíkum aðgerðum.

Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að framkvæmd nauðungarvistunar hafði ekki orðið með þeim hætti sem löggin gerðu ráð fyrir. Framkvæmdin var sú að sviptingarbeiðnin ein var látin nægja, ásamt vottorði læknis og samþykkis dómsmálaráðuneytisins. Dómari tók því málið ekki strax til meðferðar, nema sjúklingur óskaði þess sérstaklega. Meginástæðan fyrir þessu var sögð vera tillitssemi við sjúklinginn. Margir töldu það of harkalegt að aðstandendur þyrftu að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að mögulegt væri að koma honum á sjúkrahús. Því voru búnar til reglur sem heimiluðu vistun manns á sjúkrastofnun gegn vilja hans án þess að til sjálfræðissviptingar þyrfti að koma strax.³³

5.1. Efnissvið lögræðislaganna

Núgildandi lögræðislög nr. 71/1997 eru arftaki lögræðislaganna frá 1984. Löggin eru heildarlög um lögræði. Í lögunum er fjallað um hina helstu þætti réttarsviðsins. Þau innihalda 9 kafla og 87 greinar. Í I. kafla laganna eru helstu hugtök er snúast um löggin skýrð. Í II. kafla laganna eru ákvæði um sviptingu lögræðis og um lögræðissviptingarmál. III. kaflinn fjallar um nauðungarvistun og skilyrði hennar og um réttarstöðu nauðungarvistaðs manns. IV. kaflinn fjallar um svokallaða ráðsmenn en fjárráða maður sem á óhægt með að sjá um fjármál sín sjálfur vegna veikinda eða fötlunar getur óskað eftir því við yfirlögráðanda að honum verði skipaður ráðsmaður.

³³Alþt. 1996-1997, A-deild, þskj. 707 – 410. mál

Skilyrði fyrir þessu er að hann geri sér sjálfur grein fyrir hvað í því felst samanber 33. gr. lögrl. V. kafllinn snýr að ákvæðum um lögráðamenn en lögráðamenn eða lögráðendur nefnast þeir menn sem samkvæmt lögum fara með málefni ólögráða manna. VI. kafllinn er um meðferð fjármuna ófjárráða manna og ákvæði VII. kafllans er um löggerninga ólögráða manna. Þau ákvæði hafa að geyma mikilvægustu reglur laganna og er þar fjallað um gerhæfi á mikilvægum sviðum og um réttaráhrif þess ef gerhæfi skortir. Um yfirlögráð og yfirlögráðendur er fjallað um í kafla VIII. Í IX. kaflanum eru gildistökuákvæði o.fl.

Hér á eftir verður fjallað um þá efnisflokka lögræðis laga sem máli skipta út frá viðfangsefni þessarar ritgerðar og lúta að ákvæðum III. kafla laganna er fjallar um nauðungarvistun, skilyrði hennar og um réttarstöðu nauðungarvistaðs manns

5.2. Nauðungarvistun

Í persónulegu frelsi einstaklinga felast mikilvæg mannréttindi sem ekki verða skert nema mikið liggi við og almannahagsmunir krefjist. Þá þarf til þess skýra lagaheimild sem ekki stangast á við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Hér er átt við þann þátt persónufrelsisins sem snýr að frjálsræði, þ.e. frjálssu vali hvað varðar ráðstöfun á dvalarstað hvers manns.

5.2.1. Undantekningar frá persónufrelsinu

Meginreglan um persónufrelsi hefur tvær mikilvægar undantekningar þegar sérstaklega stendur á. Ef um er að ræða svokallaðar neyðaraðstæður leyfa lög og réttarskipan að menn séu sviptir frelsi sínu hvað dvalarstað varðar, til lengri eða skemmri tíma.

Annars vegar er heimild fyrir hlutaðeigandi framkvæmdavaldshafa að fangelsa menn að gengnum refsíðomi, þar sem mælt hefur verið fyrir um fangelsi sem viðurlög við lögbroti. Hins vegar er heimild til þess að vista menn á sjúkrastofnunum gegn vilja þeirra sjálfra, þ.e. vistin þar verður að vera að þeim nauðugum.³⁴ Samkvæmt laganna hljóðan kallast þetta nauðungarvistun og um nauðungarvistun eru ákvæði 18.–32. gr. lögrl.

5.3. Nauðungarvistun – skerðing á sjálfræði!

Nauðungarvistun er tímabundin skerðing á sjálfræði þó ekki sé um eiginlega sjálfræðissviptingu að tefla, í skilningi lögræðislaganna.

³⁴ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 92

Sá er þola verður nauðungarvistun á stofnun samkvæmt umræddri lagaheimild heldur sjálfræði á öllum sviðum eftir því sem frekast getur átt við, ásamt fjárræði sínu. Vistunin verður þó til þess að hann getur ekki í reynd nýtt sér ýmis persónuleg réttindi sín, sem hann á þó að njóta í formlegum skilningi. Nauðungarvistun sjálfráða manns er ævinlega bráðabirgðaráðstöfun, þ.e. henni er einungis ætlað að standa í stuttan tíma og markmiðið með nauðungarvistuninni er að tryggja að hægt sé að koma við nauðsynlegri læknishjálpi samhliða því að standa vörð um réttaröryggi og mannréttindi hins nauðungarvistaða. Í 2. mgr. 7. gr. lögrl. eru þeir aðilar tilgreindir er beðist geta samþykkis dómsmálaráðuneytisins til nauðungarvistunar manns á sjúkrahús en þeir eru maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini. Auk þeirra geta lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila beðist nauðungarvistunar svo og félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.

Í meirihluta tilvika er það aðili innan fjölskyldu sem fer fram á nauðungarvistun einstaklings. Það hefur þó færst í aukana að félagsþjónustan óski eftir nauðungarvistun og hefur hlutfall beiðna þar sem félagsþjónusta eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar leggur fram beiðni um nauðungarvistun aukist eins og eftirfarandi tölur gefa til kynna, en árið 2010 var hlutfall beiðna um nauðungarvistun af hálfu félagsþjónustu um 25% en árið 2013 var hlutfall beiðna 33%. Skýringar á aukinni aðkomu félagsþjónustu vegna nauðungarvistana má rekja til þess að það geti sett hinn nauðungarvistaða sem og fjölskyldur í erfiða stöðu þegar nánustu ættingjar setja fram beiðni um nauðungarvistun. Það geti jafnframt valdið samskiptarofi í fjölskyldum sem getir skert lífsgæði beggja aðila til lengri tíma³⁵

Beiðni um nauðungarvistun skal fylgja læknisvottorð þar sem fram kemur lýsing á andlegu og líkamlegu ástandi einstaklings ásamt sjúkdómsgreiningu ef hún liggur fyrir, afstaða einstaklings til vistunar og yfirlýsing læknis um að vistun sé óhjákvæmileg.

5.4. Nauðungarvistun –tvíþætt ferli

Það er meginregla að sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur á sjúkrahúsi. Frá þessari reglu eru gerðar undantekningar eins og sjá má í 2.–5. mgr. 19. gr. lögrl.

³⁵Vefsíða Innanríkisráðuneytis, Tillögur óformlegs samráðshóps um framkvæmd nauðungarvistana á grundvelli lögræðis laga (kafli 3. Aðkoma fjölskyldu) Sótt af vefsíðu 30.03.2014 af: www.innanrikisraduneyti.is/.../Tillogur-oformlegs-samradshops-um-nau,

Samkvæmt undantekningunum hefur lækni heimild til að ákveða að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur á sjúkrahúsi sé maðurinn haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Það sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofneyslu ávana- og fíkniefna. Það skal tekið fram að ákvæði 18. gr. stjórnslulaga um frestun máls gildir ekki við meðferð mála samkvæmt þessari málsgrein. Ákvæði vakthafandi sjúkrahúslæknir nauðungarvistun manns samkvæmt þessari málsgrein er honum skylt að bera ákvörðunina undir yfirlækni svo fljótt sem kostur er. Frelsisferðing samkvæmt 2. mgr. 19. gr. lögrl. má ekki standa lengur en 48 klst. en sú meginregla gildir einnig skv. 29. gr. lögrl. að nauðungarvistun megi aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf. Ákvörðun læknis um vistun í allt að 48 stundir þarfnast ekki samþykkis ráðuneytisins.

Hins vegar getur dómsmálaráðuneytið gefið formlegt samþykki fyrir því að sjálfráða maður, gegn vilja sínum, verði vistaður á sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins, ef fyrir hendi eru þær ástæður sem um getur í 2. mgr. 19. gr. lögrl. er nefndar eru hér að framan varðandi heimild læknis til að mæla fyrir um vistun samanber 3. mgr. 19. gr. lögrl. Þegar vistun er lokið er viðkomandi frjáls ferða sinna á ný, nema hlutaðeigandi aðilar, sem til þess hafa heimild samkvæmt lögum, hafi óskað eftir að fá dómsúrskurð um sjálfræðissviptingu. Þá má framlengja nauðungarvistun samkvæmt 2. mgr. 29. gr. lögrl. ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að einstaklingur verði sviptur sjálfræði sínu. Þegar sú krafa er gerð að maður sem vistaður er nauðugur á sjúkrahúsi verði sviptur sjálfræði, skal dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dómnum. Að dómsúrskurði fengnum er hægt að halda viðkomandi einstaklingi, sem ekki nýtur lengur sjálfræðis, lengur inni á stofnun þrátt fyrir að honum sé það nauðugt.³⁶

5.4.1 Sjálfræðissvipting

Sjálfræðissvipting er gerð í þeim tilgangi að halda áfram nauðsynlegri meðferð að loknum þeim tíma er nauðungarvistun varði. Svipting getur bæði verið tímabundin eða ótímabundin. Tímabundin lögræðissvipting skal ekki ákveðin til styttri tíma en sex mánaða í einu eins og segir í 1. mgr. 5. gr. lögrl. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum loknum, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um

³⁶Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 92

framlengingu hennar eða um ótímabundna sviptingu. Ef svo hagar til framlengist hin tímabundna svipting þar til úrskurður dómara liggur fyrir.

Samkvæmt 6. gr. lögrl. kemur lögræðissvipting til bráðabirgða til greina. Jafnframt er unnt að aflétta bráðabirgðalögræðissviptingu með dómsúrskurði ef ástæður hennar eru ekki lengur fyrir hendi. Svipta má mann sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja. Í 4. gr. lögrl. eru ástæður þær er réttlæta lögræðissviptingu einstaklings taldar upp og samkvæmt þeim má grípa til þessa úrræðis ef einstaklingur er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests eða sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Jafnframt má svipta einstakling lögræði sé hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda ófær að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum, eða ef nauðsyn ber að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfnni. Ástæðurnar fyrir lögræðissviptingu sem hér að ofan eru taldar eru tæmandi og ákvæðin verður að túlka þröngt eða bókstaflega, eins og almennt á við um íþyngjandi ráðstafanir og inngríp í einkalíf og frjálsræði manna.³⁷ Það er almenn regla við lögskýringu að skýra beri þröngt ákvæði laga sem með einum eða öðrum hætti skerða réttindi manna og frelsi þeirra.³⁸

5.5. Réttur til ráðgjafar og stuðnings

Í 1. mgr. 27. gr. lögrl. kemur fram að nauðungarvistaður maður á rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings ráðgjafa vegna sjúkrahússinnlagnarinnar og meðferðar þar. Mikilvægt er að maður sem sviptur er frelsi eigi rétt á ráðgjöf og stuðningi óháðs aðila sem fylgst getur með því að réttindi hins nauðungarvistaða séu virt og eftir atvikum aðstoðað hann við kröfugerð skv. 30. gr. lögrl. Gert er ráð fyrir að starfi ráðgjafa sinni fagmenntaður aðili á sviði félagsráðgjafar eða sálfræði eða á öðrum sambærilegum sviðum. Ráðgjafinn hefur heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða og hinn nauðungarvistaði á rétt á að ræða við ráðgjafann um hvaðeina sem nauðgunarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega nema að ástand hins nauðungarvistaða sé þannig háttað að það hafi ekki þýðingu.³⁹

³⁷ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 86

³⁸ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Reykjavík 2008, bls. 169

³⁹ Alþt. 1996-1997, A-deild, þskj. 707 – 410. mál

Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal án tafar tilkynna hinum nauðungarvistaða mikilvæg atriði er varða réttarstöðu hans og aðstæður, nema slíkt sé þýðingarlaust vegna ástands hans. Upplýsa skal hinn nauðungarvistaða um ástæður nauðungarvistunar og um rétt hans til að njóta aðstoðar, um niðurstöðu ráðuneytis og rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla samkvæmt 30. gr. lögrl.

5.6. Þvinguð lyfjagjöf og önnur þvinguð meðferð

Í 28. gr. lögrl. er tekið fram að nauðungarvistaður maður sem vistaður er á sjúkrahúsi án samþykkis dómsmálaráðuneytis skuli ekki sæta þvingaðri lyfjagjöf né annarri þvingaðri meðferð. Sé hinn nauðungarvistaði hins vegar sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða lífi hans og annarra stefnt í voða, getur læknir tekið ákvörðun um að nauðungarvistaður maður skuli sæta þvingaðri lyfjagjöf eða annarri þvingaðri meðferð, svo sem sérstakri gæslu á herbergi. Hafi vistunin verið samþykkt af dómsmálaráðuneytinu skal sá nauðungarvistaði einungis sæta þvingaðri lyfjagjöf samkvæmt ákvörðun yfirlæknis. Það sama á við um aðra þvingaða meðferð.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 2006, bls. 823 (mál nr. 98/2006) reyndi á hvort brotið hefði verið á persónufrelsi sem er verndað í 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og friðhelgi einkalífs sem er verndað í 71. gr. stjórnarskrárinnar og í felst réttur og frelsi manns til að ráða yfir eigin lífi og líkama, er einstaklingur var nauðungarvistaður á sjúkrahúsi og látinn sæta þvingaðri lyfjagjöf.

Einstaklingurinn byggði kröfu sína á því að aðgerðirnar hefðu farið í bága við lög og gengið allt of langt miðað við tilefni. Einnig taldi einstaklingurinn að ekki hefði verið farið eftir óskráðri meðalhófsreglu stjórnisýslu- og stjórnskipunarréttarins sem felur í sér að ekki megi ganga lengra en efni standi til í því skyni að ná því markmiði sem að sé stefnt.

Í niðurstöðu dómsins var fjallað um að til þess yrði að líta að ákvörðun um slíka meðferð er alvarlegt inngríp í persónufrelsi manna, sem verndað er í 67. gr. stjórnarskrárinnar, 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi. Beri yfirlækni því, við töku ákvarðana um slíka meðferð, að gæta meðalhófs og ekki grípa til slíkra úrræða nema brýn nauðsyn krefji. Hins vegar var litið svo á að heilsu hins nauðungarvistaða einstaklings yrði stefnt í voða tæki hann ekki lyf við sjúkdómnum þar sem hætta væri á að ástandið versni og líkur á bata minnki. Því var talið nauðsynlegt að einstaklingurinn fengi lyf við sjúkdómnum og í

dómsniðurstöðu var kröfu einstaklingsins um að honum væri óskýlt að sæta þvingaðri lyfjagjöf hafnað.

Ef litið er til meðalhófsreglu stjórnsluréttar skal stjórnvald aðeins taka íþyngjandi ákvörðun, þegar lögmætu markmiði sem að væri stefnt yrði ekki náð með öðru og vægara móti. Af þessu leiðir að þvinguð lyfjagjöf er óheimil, nema hún teljist nauðsynleg og fullreynt er að lyfjagjöf yrði ekki komið við án þvingunar. Meðalhófsreglan felur einnig í sér að velja beri vægasta úrræðið sem mögulegt er og að hófs verði að gæta í beitingu þeirrar aðferðar sem valin er miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru. Lyfjagjöf án samþykkis sjúklings varðar mikilvæg persónuleg réttindi og því verður að gæta varfærni. Í viðkomandi máli var nauðsynlegt að nauðungarvista og beita þvingaðri lyfjagjöf þar sem einstaklingurinn var hættulegur sér og öðrum. Að sama skapi er um að ræða inngríp í persónufrelsi manna og þar af leiðandi afar mikilvægt að gæta meðalhófs eins og kemur fram í dómsniðurstöðu. Út frá þessum forsendum má væntanlega fallast á niðurstöðu dómsins.

5.7. Heimild til að bera nauðungarvistun undir dómstóla

Mælt er fyrir í 30. gr. lögrl. að nauðungarvistuðum manni er heimilt að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla. Þá getur hann átt rétt á bótum úr ríkissjóði hafi lögmæt skilyrði til nauðungarvistunar brostið, hún hafi staðið lengur en efni voru til eða ef nauðungarvistun hafi farið fram með, særandi eða móðgandi hætti, samanber 32. gr. lögrl.

Réttur til að bera lögmæti nauðungarvistunar undir dómstóla er tryggður í 4. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, samanber lög nr. 62/1994, svo og í 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Ákvæði stjórnarskrárinnar eru svohljóðandi:

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelssvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Um 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið fjallað um hér að framan í kaflanum um mannréttindi. Þar var einnig rætt um *álit UA í máli frá 11. janúar 1996 (nr. 1265/1994)* Hér má þó bæta við að í álitu UA er tekið fram að lög, sem kveða á um íhlutun um persónuréttindi manna, mæli með skýrum hætti fyrir um framkvæmd þeirra mála. Eins og að framan segir getur einstaklingur átt rétt á bótum úr ríkissjóði hafi lögmæt skilyrði til nauðungarvistunar brostið. Ákvæðið er í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar

nr. 33/1944, samanber stjórnskipunarlög nr. 97/1995. Í *dómi Hæstaréttar frá árinu 1994, bls. 2632 (mál nr. 68/1992)* reyndi á ákvæði 1. mgr. 32. gr. lögrl. þar sem A taldi sig hafa verið sviptur frelsi að ósekju og ætti rétt á miskabótum vegna ráðstöfunar læknis er gegndi læknavakt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Málavextir voru þeir að A var fluttur af heimili sínu, á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og innlagður þar. Þaðan var A síðan fluttur og lagður inn á sjúkrahús í Reykjavík til rannsóknar og meðferðar gegn vilja hans og með valdi.

Á sjúkrahúsinu í Reykjavík kom ekki til þess að A væri lagður inn á geðdeild, eins og læknirinn á Ísafirði hafði í huga, heldur var hann vistaður á bráðamóttöku sjúkrahússins. A var útskrifaður næsta dag, án þess að nokkuð fyndist að heilsu hans. Rök læknisins fyrir flutningi A á sjúkrahús voru byggð á 2. mgr. 13. gr. lögrl. nr. 68/1984 þar sem kveðið var á um að hefta megi frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómum eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Jafnframt hafði ráðstöfunin átt sér stoð í almennum reglum um læknisverk í neyð þar sem að A hafði verið í hættu staddur og ekki gert sér grein fyrir því. Í niðurstöðu dómsins þótti hins vegar skorta efnisleg skilyrði þess að ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 ættu við. Þar af leiðandi var vistun A á sjúkrahúsinu ekki talin lögmæt. Á hinn bóginn var það staðfest að ótti læknisins um blæðingu í heila eða aðra vefræna geðtruflun gat átt rétt á sér. Hæstiréttur féllst því á með A að valdbeiting sem A var beittur hefði verið andstæð 13. gr. lögrl. nr. 68/1984 og því heimildarlaus, enda hefði ekki verið um neyðarrétt að ræða. Bæri því að taka til greina kröfu A um skaðabætur og miskabætur.

5.8. Nauðungarvistun barna

Á undanförnum árum hefur það tíðkast að skipta einstaklingum í samfélaginu upp í mismunandi hópa með tilliti til réttinda sem teljast einkenna hvern hóp fyrir sig. Segja má að eins konar sérgreinar innan lögfræðinnar hafi myndast um þau reglukerfi sem tengjast hópunum. Sem dæmi má nefna réttarreglur sem varða aldraða, fatlaða, börn og minnihlutahópa. Sjálfstæður réttur barna á vissum sviðum tengist persónuvernd eða mannhelginni og er hann hluti af mannréttindalöggjöfinni. Um þetta réttarsvið gilda mikilvæg ákvæði í alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum sáttmálum. Þar að auki hafa landslög að

geyma ýmis ákvæði sem eru mikilvæg í lögfræðilegu tilliti.⁴⁰ Rétt þykir að fjalla hér sérstaklega um nauðungarvistun barna í kaflanum hér á eftir.

5.8.1. Ástæður fyrir nauðungarvistun barns

Í 37. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að aðildarríki skulu gæta þess að:

- a. Ekkert barn sé látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ekki skal ákveða dauðarefsingu eða lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn fyrir afbrot sem yngri menn en 18 ára hafa framið.
- b. Ekkert barn sé ólöglega eða gerræðislega svipt frjálsræði sínu. Handtaka, varðhald og fangelsun barns skal eiga sér stað samkvæmt lögum, og skal slíku aðeins beitt sem síðasta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt.
- c. farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklingsins á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fólkskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.
- d. Hvert það barn sem svipt er frjálsræði eigi rétt á skjótri lögfræðilegri aðstoð og annarri viðeigandi aðstoð, svo og rétt til að véfengja lögmæti frjálsræðissviptingar sinnar fyrir dómstól eða öðru þar til bæru óháðu og óhlutdrægu stjórnvaldi, og til að fá skjótan úrskurð þar um.⁴¹

Hins vegar geta komið upp óumflýjanlegar ástæður sem varða heill og öryggi barnsins sem geta valdið því að hlutaðeigandi stjórnvöld taki lögmæta ákvörðun um vistun barns, til lengri eða skemmri tíma, hjá öðrum en foreldrum eða þeim sem fara með forsjá barnsins samkvæmt almennum reglum. Sé ekki önnur leið fær má taka þess háttar ákvörðun enda þótt hún kunni að ganga gegn vilja foreldrum eða forsjáraðilum barnsins eða barninu sjálfu. Með þessu er átt við að hér getur verið um nauðungarvistun barns að ræða. Slíkar ákvarðanir fela í sér gríðarlegt inngrip í einkalíf og mannhelgi barnsins og ekki má grípa til slíkra ráðstafana fyrr en aðrar vægari leiðir hafa verið fullreyndar. Þ.e.a.s þegar hagsmunum barns væri með einhverju móti ógnað við óbreyttar aðstæður hvað varðar dvalarstað þess og ekki eru neinar raunhæfar leiðir sjáanlegar til að bæta úr vandanum með öðrum mildari aðgerðum.⁴² Í 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir bvl.) segir að hlutaðeigandi barnaverndarnefnd geti úrskurðað gegn vilja foreldris eða barns, sem náð hefur 15 ára aldri og er undir 18 ára, að barn skuli vera kyrrt á þeim stað

⁴⁰Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 218

⁴¹Vefsíða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálinn-heildar texti 1. gr. <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>, sótt af vefsíðu 18. 04. 2014

⁴²Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 224

sem það dvelst, í allt að tvo mánuði, eða að barn sé tekið af heimili sínu í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun, til að tryggja öryggi þess eða til þess að mögulegt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlyningu. Foreldrum eða barni er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar í þessu sambandi undir héraðsdómara, en málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Í 79. gr. bvl. er fjallað um heimili og stofnanir sem ríkið ber ábyrgð á og skulu vera tiltæk sem vistunarúrræði fyrir börn. Til eiga að vera heimili eða stofnanir sem geta veitt börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, að greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð svo og að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Í 80 gr. barnaverndarlaganna segir að áður en að barn er vistað á heimili eða stofnun, samanber 79. gr., skuli barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Teljist nauðsynlegt að vista barn utan heimilis þess skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins. Þá skal barnaverndarnefnd senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur aðstæður og þarfir og tekur ákvörðun í samráði við barnaverndarnefndina um vistun – þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Barnaverndarnefndinni ber að undirbúa barnið undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefndin sem vistar barnið skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning á meðan vistun stendur og ber að fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfunin nái tilgangi sínum. Barn sem vistað er samkvæmt 79. gr. á rétt á að umgangast kynforeldra og aðra sem eru barninu nákomnir samanber 81. gr. barnaverndarlaga.

Í málum sem þessum ber að hlusta á sjónarmið barnsins til fyrirhugaðrar nauðungarvistunar, enda þótt þau þurfi ekki að ráða neinu um endanlega niðurstöðu. Hér á landi hafa úrræði er lúta að nauðungarvistun barna verið lengi við lýði. Á árum áður hefur nauðungarvistunin þá stundum farið fram með þeim hætti gagnvart börnum að ekki myndi standast réttmætar kröfur okkar tíma. Um þetta vitna opinberar skýrslur um

nauðungarvistun barna á barna- og unglungaheimilinu Breiðuvík sbr. lög nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimili sem falla undir lög nr. 26/2007.⁴³

Til álita getur komið hvort ráðstafanir barnaverndaryfirvalda á grundvalli barnaverndarlaga, sem fela í sér töku barns af heimili þegar velferð þess er í húfi og barnið er vistað utan heimilis þess, feli í sér frelsissviptingu barns. Almennt verður litið svo á að börn undir 18 ára aldri lúti forsjá foreldra sinna og slík afskipti feli fremur í sér inngríp í þær forsjárskyldur sem hvíla á foreldrum fremur en frelsissviptingu barns. Hér er þó vafalaust um að ræða takmarkanir á 71. gr. stjórnarskrárinnar er fjallar um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis og verða að uppfylla skilyrði 3. mgr. 71. gr. samanber *dómur Hæstaréttar frá árinu 2000 bls. 3440 (mál nr. 147/2000)* þar sem félagsmálayfirvöld tóku barn af heimili án undangenginnar skoðunar á aðstæðum þess, ætti sér ekki stoð í lögum. Þó verður að taka tillit til aðstæðna í hverju máli, s.s. aldurs og vilja barns og hvort um ræðir ungt barn sem komið er fyrir hjá fósturfjölskyldu eða unglung sem vistaður er á lokaðri stofnun en í því tilviki eru líkur fyrir því að um frelsissviptingu sé að ræða. Í *dómi Hæstaréttar frá árinu 1997 bls. 2707 (mál nr. 435/1996)* var deilt um heimildir barnaverndarnefndar til að vista tólf ára stúlku í tvo mánuði á Unglingaheimili ríkisins gegn vilja hennar og foreldra vegna grunsemda um kynferðislega misnotkun á heimili hennar. Þá voru heimildir fjölskyldu til heimsóknar mjög takmarkaðar. Í dómnum var vísað til þess að stúlkan hefði þurft að þola frelsisskerðingu og að barnaverndaryfirvöld hefðu ekki gætt meðalhófs í aðgerðum sínum og gengið lengra en nauðsyn bar til. Úrskurður barnaverndarnefndar þótti ekki reistur á nægilega traustum grunni og fól í sér frelsisskerðingu og voru stúlkunni dæmdar miskabætur.⁴⁴

⁴³Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*, bls. 225

⁴⁴Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 134-135

6. Brýtur nauðungarvistun í bága við mannréttindaákvæði og persónufrelsi einstaklinga?

Hér að framan hefur verið rætt um að frelsið sé eitt þeirra persónuverðmæta sem mestu máli skiptir fyrir einstaklinga og að erfitt geti reynst að skilgreina það hvar mörk frelsisins liggja. Svo fólk fái almenn notið þess verðmætis sem frelsið er þarf að halda því í vissum skefjum og setja þar að lútandi reglur sem standa um það vörð. Eina slíka reglu sem takmarkar frelsi einstaklinga, þ.e. ákvæðið um nauðungarvistun, er að finna í lögræðislögunum nr. 71/1997. Í ákvæðum lögræðislaganna er á því byggt að sjálfráða einstaklingar taki ákvarðanir um eigin málefni. Þar ef leiðandi getur það verið gríðarlega íþyngjandi úrræði fyrir viðkomandi þegar nauðungarvistun er beitt og einstaklingur er vistaður á sjúkrahúsi gegn eigin vilja eða þvingaður til að þiggja lækni- eða lyfjameðferð. Þetta er því í eðli sínu takmörkun á sjálfsögðum grundvallarréttindum þess nauðungarvastaða og brýtur hugsanlega í bága við mannréttindi sem felast í stjórnarskrá Íslands en mannréttindi eru ein af grunnstoðum stjórnskipulagsins. Hins vegar má það ekki gleymast að þegar sjálfráða einstaklingur er vistaður nauðugur á sjúkrahúsi er það til að vernda líf og heilsu þess nauðungarvastaða og því eru mikilvægir hagsmunir í húfi.

Verið er að vernda einstaklinginn gegn því að skaða sjálfa sig eða aðra og veita honum meðferð við veikindunum eða fíknun. Markmið og tilgangur nauðungarvistunar er þannig og á alltaf að vera í þágu þess nauðungarvastaða, þ.e. að tryggja að hægt sé að koma við nauðsynlegri læknishjálpi samhliða því að staðið sé vörð um réttaröryggi og mannréttindi hins nauðungarvastaða.

Deilt hefur verið um hvort nauðungarvistun sé réttlæt看leg í ljósi þess sem að framan er sagt og hvort rétt sé við vissar skilgreindar aðstæður hafi fólk ekki getu til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og því sé að sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga takmarkaður og það sé þá í höndum annarra að ákveða og gera það sem „einstaklingnum er fyrir bestu.“ Bent hefur verið á að nauðung og meðferð eru hugtök sem illa fara saman og að löggjöf sem veitir heimild til að svipta einstakling frelsi án þess að hann hafi brotið af sér, sé vandmeðfarin.⁴⁵ Slík frelssvipting hefur lengi verið réttlætt gagnvart geðsjúkum sem „ill nauðsyn“ út frá skaðalögmáli John Stuart Mill, þ.e. viðkomandi var talinn hættulegur sjálfum sér eða öðrum.⁴⁶ Á þeim forsendum sé hægt að réttlæta þá frelsskerðingu sem

⁴⁵Tillögur óformlegs samráðshóps um framkvæmd nauðungarvistana á grundvelli lögræðisлага (kafli 1. Almenn) Sótt af vefsíðu 30.03.2014 af: www.innanrikisraduneyti.is/.../Tillogur-oformlegs-samradshops-um-nau.

⁴⁶ Mill, J.S. : *Frelsið*. Reykjavík 2000, bls. 45

nauðungarvistun er. Svarið við spurningunni er því ef farið eftir þeim skilyrðum sem kveðið er á um í ákvæðum lögræðisлага um nauðungarvistanir þá brýtur nauðungarvistun ekki gegn mannréttindum og persónufrelsi einstaklingsins.

7. Lokaorð

Í eðli sínu er nauðungarvistun úrræði sem takmarkar sjálfsögð grundvallarréttindi hins nauðungarvistaða en sterk rök eru fyrir því að við vissar aðstæður skuli heimilt að takmarka sjálfstæði manns með nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Þar eru fyrst og fremst hafðir í huga heilsufarslegir hagsmunir viðkomandi sjúklings. Nauðungarvistun, sem úrræði, er vandmeðfarin í ljósi þeirra hagsmuna sem eru uppi og þeirra réttinda sem stangast á, þ.e. sjálfsákvörðunarréttarins annars vegar og lífi og heilsu hins vegar. Um þannig takmörkun á þessum mikilvægu mannréttindum verður að vera vel búið og slíkum takmörkunum verði ekki beitt að óþörfu, nema að fyrirfram gefnu og vel skilgreindu tilefni og að henni verði ekki beitt af fólksku sem gerir hana þungbærari en þarf. Þegar um íþyngjandi ákvörðun, eins og nauðungarvistun, er að ræða er nauðsynlegt að hafa í heiðri hvort að önnur úrræði hafi verið fullreynd og hvort meðalhófs hafi verið gætt gagnvart einstaklingum vegna meðferðar er þeir þurfa að sæta á meðan á frelsissviptingu stendur samanber 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nauðungarvistun má ekki vara lengur en nauðsyn krefur og áfrýjunarleiðir verða að vera skýrar og bótaréttur fyrir hendi sé nauðungarvistun ranglega beitt, enda væri vernd mannréttinda í stjórnarskrá og alþjóðasamningum hjómið eitt ef þeir sem telja réttindi sín brotin hefðu ekki virk úrræði til að fá úr því skorið. Mikilvægt er að löggjafinn geri strangar kröfur í málum er lúta að nauðungarvistunum, þannig að mannréttindasjónarmið yrðu sem best tryggð hvað varðar réttindi einstaklinga og framkvæmd laganna. Svo virðist sem þessara varúðarráðstafana sé í meginatriðum gætt í lögræðislögum og stjórnarskránni og bótaréttur er ríkur séu menn sviptir frelsi sínu án ástæðu eins og sjá má í dómafordæmum. Sagt er að stjórnarskráin sé lifandi plagg sem einstaklingarnir geti byggt rétt sinn á. Væntanlega má það sama segja um lögræðislögin. Tryggja verður rétt einstaklinganna og mikilvægt er að verklag og framkvæmd lögræðislaganna séu í reglulegri endurskoðun og mannréttindi og persónufrelsi einstaklinganna verði ætíð virt.

Heimildaskrá:

Bækur, tímarit og skýrslur

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen: *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands- Háskólaútgáfan, Reykjavík 2005.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Bókaútgáfan CODEX, Reykjavík 2008.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Háskólinn í Reykjavík, JPV útgáfa, Reykjavík 2008.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, önnur útgáfa. Háskólaútgáfan Reykjavík 1999.

John Stuart Mill: *Frelsið*, íslensk þýðing eftir Jón Hnefil Aðalsteinsson og Þorstein Gylfason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2000.

Páll Sigurðsson, ritstj.: *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Aðstoðarritstjórar: Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir, Bókaútgáfan CODEX – Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008.

Páll Sigurðsson: *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. CODEX, Reykjavík 2010.

Sigurður Líndal: *Réttarsögubættir*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2009.

Þjóð til þings. Skýrsla stjórnlaganefndar II bindi. Ritstj. Guðrún Pétursdóttir, Stjórnlaganefnd Reykjavík 2011.

Þórður Eyjólfsson: *Persónuréttur*. Hlaðbúð, Reykjavík 1967.

Alþjóðasamningar, lög og reglugerðir

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Lögræðislög nr. 71/1997.

Lögræðislög nr. 68/1984. Sótt af vefsíðu 05. 04. 2014 af:
<http://www.althingi.is/lagas/121b/1984068.html>

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Lög um aðför nr. 90/1989.

Sóttvarnalög nr. 19/1997.

Lög nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

Lög nr. 47/2010 um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimili sem falla undir lög nr. 26/2007.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttinasáttmáli Evrópu), frá 4. nóvember 1950. Sjá í lögum nr. 62/1994.

Vefheimildir

Vefsíða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálinn-heildar texti. Sótt af vefsíðu 18. 04. 2014 af:

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>.

Vefsíða Innanríkisráðuneytisins, Tillögur óformlegs samráðshóps um framkvæmd nauðungarvistana á grundvelli lögræðis laga. Sótt af vefsíðu 30.03.2014 af: www.innanrikisraduneyti.is/.../Tillogur-oformlegs-samradshops-um-nau.

Álit Umboðsmanns Alþingis

UA 11. janúar 1996 (mál nr. 1265/1994)

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 1994, bls. 2632 (mál nr. 68/1992)

Hrd. 1997, bls. 2707 (mál nr. 435/ 1996)

Hrd. 2000, bls. 3440 (mál nr. 147/2000)

Hrd. 2006, bls. 823 (mál nr. 98/2006)